

raskaður. Ákærði Ámundi Filippusson greiði allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Páls Briem, 10 kr. til hvors. Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 17/1890.

Kr. Ó. Þorgrímsson
 gegn
 Andreas Jespersen.

D ó m u r :

Mál þetta er í hjerði höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkurkaupstaðar af bóksala Kr. Ó. Þorgrímssyni gegn gestgjafa Andreas Jespersen fyrir barsmíði og ærumeiðingar. Var það dæmt þar 10. aprílmán. þ. á. með þeim úrslitum, að hinn stefndi var dæmdur sýkn af kærum og kröfum stefnanda, en málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefur Kr. Ó. Þorgrímsson áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu 3. maímán. næstliðins og þar krafizt: að undirrjettardóminum í máli þessu verði algjörlega hrundið, að veitingamaður Andreas Jespersen verði dæmdur til sekta eða fangelsis fyrir ofbeldi það, er hann hafi sýnt honum 11. desbr. f. á. inni á veitingastofu sinni og að hann verði dæmdur til að borga áfrýjanda málskostnað fyrir undir- og yfirdómi með 50 kr. eða einhverju nægilegu eptir rjettarins mati. Á hinn bóginn hefur hinn stefndi krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi með einhverju nægilegu eptir rjettarins mati. Málsatvik eru, samkvæmt því sem áfrýjandi hefur skýrt frá

í kærnu sinni til sáttanefndar og stefnu sinni til bæjarþingsrjettarins, þessi:

Hinn 11. desbr. f. á. fór áfrýjandi með 2 mönnum inn á Hótel Alexandra hjer í bænum, er stefndi hefur veitingar í, til þess að drekka eitt glas af «Toddy», en þegar hann með hinum var setztur við borð þar, kom veitingamaðurinn, stefndi, inn, vjek sjer strax að áfrýjanda og sagði honum, að hann yrði að fara út, því hann vildi ekki hafa í sínu húsi «saa gemen Karl», sem hann væri, og þegar áfrýjandinn ekki sinnti þessu, heldur sat saklaus og þegjandi og beið þolinmóður eptir Toddyglasinu, tók stefndi staf, sem einn af þeim, sem inni voru, átti, og barði áfrýjanda með honum mörg högg. Áfrýjandi fór þá út til að forða sjer undan höggum stefnda. Þessari skýrslu sinni hefur hann breytt fyrir yfirdómi þannig, að hann hafi þegar í stað ætlað að gegna áskorun stefnda um að fara út, en hafi ekki komizt svo fljótt út, sem hann vildi, því stefndi hafi þegar í stað vaðið upp á sig með höggum, er hann hafi þurft að verja sig fyrir.

Til þessarar breyttu skýrslu hans verður alls ekkert tillit tekið, og ekki á hún við neitt annað, sem fram er komið í málinu, að styðjast.

Stefndi hefur að vísu ekki neitað, að nokkur meinlaus högg hafi lent á áfrýjanda af staf þeim, er hann sveiflaði, til þess að hræða áfrýjanda út, er hann ekki góðmótlega vildi fara, en hann hefur neitað því, að hann hafi nefnt áfrýjanda «en gemen Karl», og skýrir að öðru leyti svo frá, að hann hafi ávallt, eptir að áfrýjandi hafði ástæðulaust kært hann fyrir ólöglegar veitingar, vísað honum út úr veitingahúsi sínu, og hafi áfrýjandi ávallt gegnt því, þangað til í þetta skipti. Áfrýj-

andi hefur ekki gegn neitun stefnda sannað, að stefndi hafi haft neinar ærumeiðingar í frammi við sig, enda hefur hann ekki gefið stefnda það að sök fyrir yfirdómi. Með því nú stefnda eptir atvikum virðist hafa verið heimilt að bjóða áfrýjanda að fara út, og, með því áfrýjandi ekki sinni því, að beita valdi til að koma honum út, þá verður ekki, þótt nokkur högg, er ekki sökudu, lentu á áfrýjanda, án þess tilgangur stefnda væri, eptir því, sem hann hefur frá skýrt, að berja áfrýjanda, álitid, að stefndi hafi gjört sig sekan í hegningarverðu ofbeldi gegn áfrýjanda. Ber því, eins og undirdómarinn hefur gjört, að sýkna stefnda af kærnum og kröfum áfrýjanda í þessu máli, og með því yfirdómurinn einnig fellst á ákvæði hjeradsdómsins um málskostnað, ber að öllu leyti að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Eptir þessum úrslitum virðist rjett, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er skal ákveðinn 20 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi skal óraskað.
 Áfrýjandi Kr. Ó. Þorgrímsson greiði stefnda A. Jespersen málskostnað fyrir yfirdómi með 20 kr.
 Ídæmdur málskostnaður lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.